



**Mættir:**

**Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS),  
Birgir Már Bragason (BMB), Eva Björk Sveinsdóttir (ES) Jónína Steinunn Helgadóttir (JH).  
Fjarverandi: Þórður Magni Kjartansson (PMK) og Sveinbjörg Sigurðardóttir (SS).**

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

**2. Innkomin bréf**

Tölvupóstur frá UMFÍ vegna ráðstefnu um „*Hvernig aukum við þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi*“. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá skjalaverði Reykjanesbæjar vegna Hringbrautar 108 en bæjarráð samþykkti framsal ÍBK til Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags frá árinu 1988. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá RSK vegna skráningu á aðalstjórn og deildum Keflavíkur. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Rúnari Arnarssyni formanni ÍRB seinna þingboð á ársþing ÍRB. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Ingva Hákonarsyni formanni körfuknattleiksdeildar Keflavíkur vegna fjárhagsaðstoðar við deildina. **Nokkrar umræður urðu um málið og ákveðið að verða við beiðninni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu. Einnig ákveðið að EH og PMK eigi fund með formanni og gjaldkera deildarinnar.**

Tölvupóstur frá UMFÍ boðsbref á formann Keflavíkur á setningu Landsmóts 50+. **Móttekið.**

Skinfaxi. **Móttekinn.**

**3. Send bréf**

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir deilda.

Bréf sent á stjórn UMFÍ og Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ þar sem óskað er eftir skýringum á höfnun á styrk sem sótt var um í sjóðinn.

**4. Ársþing ÍRB**

Ársþing ÍRB 2019 verður haldið mánudaginn 27. maí í íþróttakademíunni kl.20:00. Kjörbréf hefur borist og á Keflavík tíu þingfulltrúa á þingið. Rúnar Arnarson formaður ÍRB gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Guðbergur Reynisson og Róbert Ragnarsson hafa gefið kost á sér til formanns. Bjarney S. Snævarsdóttir gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Rúnar Arnarson er tilbúin að gefa kost á sér til stjórnarsetu í ÍRB.

**5. Önnur mál**

EH lagði til að KG og PMK yrðu skipaðir í nefnd til að skoða notkunarmöguleika með Hringbraut 108. BMB spurði um svarið sem sent var á Capacent EH lagði fram svarbréfið.

Næsti fundur boðaður.

Fundi slitið kl. 19:15.

Fundinn ritaði BS.

